

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 163/2012****2012/EES/70/11****frá 28. september 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2012 frá 9. febrúar 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 125/2012 frá 14. febrúar 2012 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 0109**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2012 frá 9. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 1),
- **32012 R 0125**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 125/2012 frá 14. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 41, 15.2.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 109/2012 og 125/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 41, 15.2.2012, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.